


Enn miklar hækkanir í matvöruverslunum

Vörukarfa ASÍ hélt áfram að hækka mikið á milli verðmælinga verðlagseftirlitsins í lok október og nýjustu mælingarinnar sem gerð var í verslunum um miðjan janúar (44.vika '08 og 3. vika '09). Á þessu tveggja og hálfis mánaða tímabili hækkaði vörukarfan um 5-13% í öllum verslunarkeðjum að Nóatúni og Samkaupum-Úrvali undanskildum þar sem karfan hækkaði um 1-3%. Hækkanir á mjólkuvörum, ostum, grænmeti og ávöxtum eru áberandi miklar í öllum verslunum.

Verð á vörukörfu ASÍ hækkaði að þessu sinni mest á milli mælinga í Krónunni um 12,7% og í 10-11 um 11,2%. Í Bónus nam hækkanin 8,1%, í Nettó 7,8% og í Samkaupum-Strax 7,2%. Minnst hækkaði verð körfunnar í Nóatúni um 1,2% á milli mælinga.



Í lágvöruverðsverslunum hækkaði vörukarfan mest í Krónunni um 12,7%, kjötvörur í körfunni hækka mest (21,2%) ásamt sætindum (17,5%), grænmeti og ávöxtum (15%) og drykkjarvörum (14,5%). Í Bónus hækkaði vörukarfan um 8,1% á milli verðmælinga,

Vika 44 og 3	Bónus	Krónan	Nettó	Kaskó
Breyting vörukörfu vegið meðaltal	8,1%	12,7%	7,8%	4,9%
Brauð og kornvörur	5,6%	7,7%	8,6%	8,7%
Kjötvörur	0,7%	21,2%	0,7%	-6,2%
Mjólkurvörur, ostar og egg	12,1%	8,8%	14,6%	14,8%
Grænmeti og ávextir	16,4%	15,0%	21,3%	15,3%
Sykur, súkkulaði, sælgæti ofl.	13,5%	17,5%	0,5%	2,3%
Ýmsar matvörur	11,2%	2,4%	17,4%	7,7%
Drykkjarvörur	12,0%	14,5%	-5,1%	1,9%
Hreinlætis- og snyrtivörur	6,1%	6,4%	4,2%	1,8%

hækkunin skýrist að mestu af hækkun á grænmeti og ávöxtum (16,4%), mjólkurvörum (12,1%) og sætindum (13,5%) en auk þess hækka drykkjarvörur (12%) og ýmsar matvörur (11,2%) í körfunni mikið. Heildarkarfan í Nettó hækkaði um 7,8% frá því í lok október og má rekja þá hækkun að mestu til hækkana á grænmeti og ávöxtum (21,3%), mjólkurvörum (14,6%) og ýmsum matvörum (17,4%) í körfunni. Í Kaskó hækkaði vörufarfan minnst af lágvöruverðsverslunum um 4,9% og skýrist sú hækkun að mestu af hækkun á ávöxtum og grænmeti (15,3%), mjólkurvörum (14,8%), og brauði og kornvörum (8,7%) í körfunni en á móti lækka kjötvörur (-6,2%) í körfunni í verði.

Í stórmörkuðunum hækkaði verð vörukörfunnar mest, á milli verðmælinga í október lok og um miðjan janúar, í Hagkaupum, um 5,2% sem rekja má að mestu til hækkana á mjólkurvörum (10,3%), grænmeti og ávöxtum (10,4%) og kjötvörum (6,7%) í vörukörfunni. Í Samkaupum-Úrval hækkaði heildarkarfan um 2,9% á milli mælinga sem skýrist að mestu af hækkun á grænmeti og ávöxtum (17,3%), mjólkurvörum (8,6%) og kjötvörum (5,8%) í körfunni. Verð vörukörfunnar hækkaði minnst í Nóatúni á tímabilinu, um 1,2%, en þar hækka mjólkurvörur (7,9%) ásamt grænmeti og ávöxtum (6,8%) mest en á móti vegur lækkan á brauði og kornvörum (-7,5%) og drykkjarvörum (-6,7%) í körfunni.

Vika 44 og 3	Hagkaup	Nóatún	Samkaup- Úrval	Tíu- ellefu	Ellefu- ellefu	Samkaup- Strax
Breyting vörukörfu vegið meðaltal	5,2%	1,2%	2,9%	11,2%	4,9%	7,2%
Brauð og kornvörur	2,0%	-7,5%	-1,6%	13,4%	2,3%	1,5%
Kjötvörur	6,7%	0,4%	5,8%	4,3%	0,3%	1,1%
Mjólkurvörur, ostar og egg	10,3%	7,9%	8,6%	14,6%	9,9%	13,1%
Grænmeti og ávextir	10,4%	6,8%	17,3%	8,5%	10,0%	12,1%
Sykur, súkkulaði, sælgæti ofl.	3,8%	4,0%	-7,0%	8,0%	1,1%	3,9%
Ýmsar matvörur	3,6%	3,5%	0,9%	15,0%	3,9%	11,7%
Drykkjarvörur	2,2%	-6,7%	0,4%	12,1%	7,5%	17,4%
Hreinlætis- og snyrtivörur	-1,3%	2,0%	-0,2%	23,3%	7,0%	5,9%

Í klukkubúðunum hækkaði verðið á vörukörfu ASÍ mest í 10-11, um 11,2%, á milli mælinga. Sú hækkun skýrist að mestu af hækkun á mjólkurvörum (14,6%), brauði og kornvörum (13,4%), ýmsum matvörum (15%) og hreinlætisvörum (23,3%) í körfunni. Í Samkaupum-Strax hækkaði verð heildarkörfunnar um 7,2% á tímabilinu sem rekja má að mestu til hækkana á mjólkurvörum (13,1%), grænmeti og ávöxtum (12,1%), ýmsum matvörum (11,7%) og drykkjarvörum (17,4%) í vörukörfunni. Minnst hækkun vörukörfunnar í klukkubúðunum var í 11-11, þar sem heildarkarfan hækkaði um 4,9% á milli mælinga í október og janúar. Hækkunin þar skýrsti helst af hækkun á grænmeti og ávöxtum (10%), mjólkurvörum (9,9%), drykkjarvörum (7,5%) og hreinlætisvörum (7%) í vörukörfunni.

Verðlagseftirlitið mælir breytingar á verði vörukörfu sem getur endurspeglað almenn innkaup meðalheimilis. Vörukarfa ASÍ inniheldur allar almennar mat- og drykkjarvörur, t.d. brauðmeti, morgunkorn, pasta, kjöt, fisk, grænmeti, ávexti, pakkavörur, kaffi, gos, safa, auk hreinlætis- og snyrtivara. Við samsetningu vörukörfunnar voru hafðar til hliðsjónar vogir Hagstofunnar sem notaðar eru til útreiknings á vísitölu neysluverðs. Vogirnar segja til um hversu stór hluti tilteknir vöruflokkar eru af neyslukörfu meðalheimilis. Verðbreytingar eru skoðaðar í eftirfarandi verðslanakeðjum: Í lágvöruverðsverslunum Bónus, Krónunni, Nettó og Kaskó og í almennu matvöruverslununum Hagkaupum, Nóatúni og Samkaupum-Úrvali og Klukkubúðunum 10-11, 11-11 og Samkaupum-Strax.

Þess ber að geta að hér eru einungis birtar upplýsingar um verðbreytingar í verðslanakeðjunum á milli vikna. Ekki er því um beinan verðsamanburð að ræða, þ.e.a.s. hvar ódýrustu vörukörfuna var að finna. Einnig er rétt að athuga að skoðuð eru þau verð sem eru í gildi í verslununum á hverjum tíma og geta tilboð á einstaka vöruliðum því haft áhrif á niðurstöðurnar.

Óheimilt er að vitna í niðurstöðurnar í auglýsingum og við sölu nema með heimild ASÍ.